

**MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM
SAMKVÆMT LÖGUM NR. 63/1993
VEGNA URÐUNARSTAÐAR FYRIR FÖRGUN ÚRGANGS
Á GLERÁRDAL, AKUREYRI
NIÐURSTÖÐUR FRUMATHUGUNAR OG ÚRSKURÐUR
SKIPULAGSSTJÓRA RÍKISINS**

1. INNGANGUR

Með vísan til 8. greinar laga nr. 63/1993 um mat á umhverfisáhrifum var stækkun urðunarstaðar fyrir förgun úrgangs á Glerárdal, Akureyri, tilkynnt til frumathugunar hjá Skipulagi ríkisins, með bréfi dagsettu 29. nóvember 1994.

Framkvæmdaraðili: Sorpeyðing Eyjafjarðar B.S.

Frumathugun skipulagsstjóra ríkisins: Framkvæmdin var tilkynnt til embættis skipulagsstjóra ríkisins þann 29. nóvember 1994 og frummatsskýrsla lögð fram. Framkvæmdin var auglýst opinberlega þann 7. desember 1994 og birtist auglýsingin í dagblaðinu Degi og Lögbirtingablaðinu. Frummatsskýrslan lá frammi til kynningar frá 7. desember 1994 til 12. janúar 1995 hjá Skipulagi ríkisins og á Bæjarskrifstofunum, Geislagötu 9, Akureyri. Engar athugasemdir bárust á kynningartíma. Leitað var umsagnar þriggja opinberra umsagnaraðila, Hollustuverndar ríkisins, Náttúruverndarráðs og Bæjarstjórnar Akureyrar.

Gögn lögð fram við frumathugun:

1. **Frummatsskýrsla:** Urðunarstaður á Glerárdal. Umhverfismat vegna stækkunar staðarins. Stuðull, verkfræði og jarðfræðipjónusta, september 1994.

2. UMSAGNIR

Leitað var umsagnar **Hollustuverndar ríkisins** með bréfi dagsettu 29. nóvember 1994. Umsögn barst með bréfi Hollustuverndar ríkisins dagsettu 27. desember 1994 og þar segir meðal annars:

„Meðfylgjandi er umsögn mengunarvarna Hollustuverndar ríkisins um skýrslu sorpsamlags Eyjafjarðar um stækkun urðunarstaðarins í Glerárdal.

Það er mat Hollustuverndar ríkisins út frá gögnum skýrslunnar að fyrirhuguð framkvæmd bæti í raun ástandið m.a. vegna þess að gert er ráð fyrir að rennsli sigvatns úr sorphaugnum verði framvegis stjórnað og því brýnt að framkvæmdir við hreinsun sigvatns hefjist sem fyrst. Stofnunin bendir í sinni umsögn á atriði sem er ábótavant og nauðsynlegt er að fá svör við. Jafnframt telur stofnunin að vinna megi þessa þætti í tengslum við reglubundið eftirlit og samráð eftirlitsaðila við framkvæmdaraðila, eins og starfsleyfi fyrir urðunarstaðinn gerir ráð fyrir. Hollustuvernd ríkisins mun því ekki leggja gegn skilyrtu framkvæmdaleyfi sem tekur tillit til umsagnar stofnunarinnar um framkvæmdina.“

„Umsögn um framkvæmdina:

1. Í samræmi við 11. og 13. gr. mengunarvarnareglugerðar nr. 48/1994 ásamt síðari breytingum skulu sveitarstjórnir og skipulagsyfirkvöld flokka vatna- og strandsvæði m.t.t. þýðingar vegna nytja þeirra.

Full ástæða er til umfjöllunar um flokkun svæðisins og strandsvæðis Glerár vegna stækkunar urðunarstaðarins.

2. Tryggja þarf að flutningur úrgangs sé með þeim hætti að ekki valdi skaða eða lýtum á umhverfinu, sbr. 4. málsgrein 37. greinar mengunarvarnareglugerðar (s.s. aðkoma að urðunarsvæði og vegur).
3. Förgun og meðhöndlun úrgangs á svæðinu ætti að skoða í heild m.t.t. mengunarvarnareglugerðar, stefnu stjórnvalda og samnings um EES. Innan ákveðins tíma þarf að liggja fyrir áætlun um hvernig draga megi úr úrgangsmýndun og þörfinni á endanlegri förgun í samræmi við 37. grein mengunarvarnareglugerðar og stefnu stjórnvalda. Ákveðinn tímafrest ætti að setja til að gera grein fyrir framtíðar valkostum á förgunarháttum fyrir sorpsamlagið þar sem núverandi urðunarstaður er einungis hugsaður til skamms tíma.
4. Gera þarf grein fyrir áætluðum styrk og heildarmagni efnalosunar og þýðingu þeirrar losunar í umhverfið. Ekkert líffræðilegt mat vegna þessarar losunar er gert og engar upplýsingar eru um heildarákomu efna í viðtakann. Meta þarf áhrif losunar með hliðsjón af mengunarvarnareglugerð og ákvæða samningsins við EES."

Umsögn Hollustuverndar ríkisins var send **Sorpeyðingu Eyjafjarðar B.S.** með bréfi dagsettu 28. desember 1994.

Leitað var umsagnar **Náttúruverndarráðs** með bréfi dagsettu 29. nóvember 1994 og barst umsögnin með bréfi dagsettu 3. janúar 1995. Þar segir m.a.:

„Náttúruverndarráð samþykkti á fundi sínum þann 21. desember 1994, að gera ekki athugasemd við fyrirhugaða stækkun á sorpurðunarstað á Glerárdal, þar sem einungis er um tímabundna landnotkun að ræða og urðað er á þessu landssvæði í dag. Náttúruverndarráð telur brýnt að hraðað verði öllum undirbúningi að framtíðarlausn varðandi sorpeyðingu í Eyjafirði. Það er mat ráðsins að óæskilegt sé að sorphaugar séu innan vinsæls útivistarsvæðis í nágrenni við þéttbýli. Þess má einnig geta að svæðið hefur verið á náttúruminjaskrá mjög lengi.

Náttúruverndarráð telur æskilegt að bætt verði öll umgengni um sorphaugana og nágrenni þeirra. Þar má helst nefna:

- Ganga þarf frá malarnámum sem eru norðan og austan við núverandi sorphauga og græða upp jarðvegssárin.
- Glerárdalur er vinsælt útivistarsvæði. Akfær vegur endar skammt ofan sorphauganna og hefjast gönguleiðir þar. Lagt er til að aðgreind verði aðkoma útivistarfólks frá sorpurðunarstaðnum og haugarnir verði vel merktir og afgirtir."

Umsögn Náttúruverndarráðs var send **Sorpeyðingu Eyjafjarðar B.S.** 4. janúar 1994.

Leitað var umsagnar **Bæjarstjórnar Akureyrar** með bréfi dagsettu 29. nóvember 1994. Umsögn barst 31. janúar 1995 og þar segir m. a.:

„Bæjarráð gerir ekki athugasemd við matið eða fyrirliggjandi drög að starfsleyfi frá Hollustuvernd ríkisins."

3. NIÐURSTÖÐUR FRUMATHUGUNAR

Markmið framkvæmdarinnar

Markmið framkvæmdarinnar er að stækka núverandi urðunarstað á Glerárdal sem talið er að muni fyllast fyrri hluta árs 1996. Áætlað er að stækkunin nýtist í um 7 ár sem skapar svigrúm til þess að finna og undirbúa framtíðarlausnir varðandi sorpeyðingu í Eyjafirði.

Lýsing á framkvæmd

Akureyrarbær hefur síðastliðin 20 ár fargað úrgangi með urðun á Glerárdal. Í október 1991 var gerður samningur við nokkur sveitarfélög í Eyjafirði um förgun úrgangs frá þeim á urðunarstaðnum í Glerárdal og í lok ársins 1992 var gerður samningur við fleiri sveitarfélög, þannig að frá árslokum 1992 hefur úrgangur frá öllum sveitarfélögum í Eyjafirði verið urðaður á Glerárdal.

Nú liggur fyrir tillaga að stækkun urðunarsvæðisins sem felst í því að grafinn verður upp jarðvegur á svæði ofan núverandi urðunarsvæðis og það svæði notað til sorpurðunar. Jarðvegurinn verður síðan notaður sem þekjuefni ofan á urðunarstaðinn, ásamt mold frá Akureyrarbæ sem til fellur.

Urðunarstaðurinn hefur verið endurhannaður, að höfðu samráði við mengunarvarnir Hollustuverndar ríkisins, með það fyrir augum að draga úr vatnsrennsli í gegnum úrganginn og minnka þar með myndun sigvatns.

Einungis er heimilt að urða neyslu- og framleiðsluúrgang á urðunarstaðnum. Móttaka spilliefna, sérstaks úrgangs frá heilbrigðisstofnunum, geislavirks úrgangs og sprengiefna er óheimil. Þó má urða ákveðnar tegundir spilliefna og sérstaks úrgangs frá heilbrigðisstofnunum, samkvæmt leiðbeiningum Hollustuverndar ríkisins og í samráði við Heilbrigðisnefndina á Akureyri.

Jarðefni til að þekja úrganginn daglega verður tekið úr sérstakri urðunarrein neðan við urðunarstaðinn. Þar verður fyllt uppí með urðun á úrgangi sem ekki myndar efnaríkt sigvatn. Sjá nánar starfsleyfi Hollustuverndar ríkisins fyrir urðunarstaðinn.

Efni í siturlag verður tekið úr námum norðan Glerár. Þessar námur eru þegar í notkun og verða það áfram eftir að urðun líkur.

Umhverfisáhrif framkvæmdar

Að mati Hollustuverndar ríkisins er talið að fyrirhuguð framkvæmd bæti í raun ástand sorpurðunar á svæðinu þar sem rennsli sigvatns úr sorphaugnum verður stjórnað og að brýnt sé að hefja hreinsun þess sem fyrst.

Umhverfisáhrifum vegna sorpurðunar á Glerárdal má í raun skipta í tvennt. Annars vegar skammtímaáhrif, sem hverfa þegar urðun er hætt og hins vegar langtímaáhrif sem eru einkum háð aðstæðum á urðunarstaðnum.

Skammtímaáhrif eru meðal annars sjónmengun, fok, ásókn fugla og hávaði. Hvað varðar aðgerðir til mótvægis skal fylgja skilyrðum um rekstur svæðisins í starfsleyfi fyrir Sorpeyðingu Eyjafjarðar, sem gefið verður út af Hollustuvernd ríkisins, í samræmi við ákvæði mengunarvarnarræglugerðar nr. 48/1994, með síðari breytingum.

Langtímaáhrif eru fyrst og fremst mengun af völdum sigvatns sem gætir löngu eftir að urðun á staðnum er hætt. Með nýrri hönnun urðunarstaðarins, er reynt að draga úr þessum áhrifum.

Urðunarstaðurinn á Glerárdal er í námunda við jarðhitasvæði þar og var talið að sigvatn gæti komist í jarðhitavatn. Niðurstaðan rannsóknar Orkustofnunar er sú að takmarka verði urðunarsvæðið til austurs við línu sem liggur um 25 m vestan við misgegni sem liggur til suðurs frá Glerárlaugum og borholu G4 (sjá mynd í viðauka 1 í matsskýrslu) Þetta eru því ystu mörk urðunarsvæðisins til austurs.

Niðurstaða skipulagsstjóra ríkisins

Embætti skipulagsstjóra telur að samkvæmt fyrirliggjandi gögnum sé ekkert sem mælir gegn því að heimiluð verði stækkun urðunarstaðarins svo sem henni er lýst í skýrslu Stuðuls, verkfræði og jarðfræðiþjónustu, dagsett í september 1994, með skilyrðum um ákvæði sem tekið verði tillit til í starfsleyfi Hollustuverndar ríkisins. Lögð er áhersla á, í samræmi við umsögn Náttúruverndarráðs, að æskilegt er að bætt verði öll umgengni um sorphaugana og nágrenni þeirra.

Skipulagsstjóri bendir á að:

1. Bæta verður almennt alla umgengni á urðunarsvæðinu, ganga betur frá malarnámum sem eru norðan og austan við urðunarstaðinn og gera áætlun um frágang á malarnámunum og uppgræðslu.

2. Breyta þarf aðalskipulagi og vinna deiliskipulag (sjá nánar 4. kafla úrskurðarins) sem nær yfir alla þá starfssemi sem fram fer í og við sorpurðunarstaðinn. Þar skal greina að starfssemi sem tengist sorpurðuninni og aðra umferð.
3. Flokka þarf vatnasvæði í samræmi við 11. og 13. gr. mengunarvarnareglugerðar nr. 48/1994, og færa inn á aðalskipulagsupprátt um leið og aðrar aðalskipulagsbreytingar, samanber 4. kafla þessa úrskurðar.
4. Förgun og meðhöndlun úrgangs á Eyjafjarðarsvæðinu ætti að skoða í heild, þar sem liggja þarf fyrir áætlun um hvernig draga megi úr úrgangsmyndun og þörfinni á endanlegri förgun í samræmi við 37. grein mengunarvarnareglugerðar og stefnu stjórnvalda.
5. Þar sem gert er ráð fyrir að núverandi sorpurðunarstaður nýtist aðeins í 7 ár, er minnt á að ástæða er til þess að gera grein fyrir framtíðarkostum hvað varðar sorpurðun á svæðinu eins fljótt og unnt er.

Hvað varðar aðrar ábendingar Hollustuverndar, s.s. um flutning úrgangs, áætlaðan styrk og heildarmagn efnalosunar og þýðingu hennar fyrir umhverfið, er lagt til að fjallað sé nánar um þær í starfsleyfi Hollustuverndar ríkisins.

4. SKIPULAG

Vísað er til bréfs embættis skipulagsstjóra til Akureyrarbæjar, dagsett 4. nóvember 1994. Þar kemur m.a. fram að urðunarstaðurinn er ekki inni á gildandi aðalskipulagsupprætti og að ekki sé nægilegt að geta hans aðeins í greinargerð um aðalskipulagsáætlunina. Einnig ber að gera grein fyrir malarnámi norðan Glerár en það er ekki sýnt á núgildandi skipulagsupprætti. Í kjölfar þessa úrskurðar skipulagsstjóra ríkisins ber að breyta aðalskipulagsáætluninni. Mælt er með að henni verði breytt samkvæmt ákvæðum 3. og 4. málsgreinar 19. greinar skipulagslaga nr. 19/1964.

Einnig þarf að gera deiliskipulag af urðunarsvæðinu þar sem fram kemur, eftir því sem við á, áfangaskipting í vinnslu, athafnasvæði (staðsetning þjónustuhúss, tækjageymslu), móttaka spilliefna, vegir og fyrirkomulag mannvirkja svo sem vegar og bílastæðis í lok framkvæmdatímans. Sjá nánar 1. lið skilyrða úrskurðarorða.

5. ÚRSKURÐARORÐ

Með vísun til 8. greinar laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 63/1993 hefur skipulagsstjóri ríkisins yfirfarið gögn þau sem fram voru lögð af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu og umsagnir sem bárust.

Niðurstaða skipulagsstjóra er að fallist er á stækkun urðunarstaðar á Glerárdal, Akureyri svo sem henni er lýst í matsskýrslu verkfræði og jarðfræðiþjónustunnar Stuðuls, dagsett í september 1994, með eftirfarandi skilyrðum:

1. Að unnið sé deiliskipulag sem nær yfir alla þá starfssemi sem fram fer í og við sorphaugana, þar sem aðgreina skal starfsemi sem tengist sorpurðuninni og umferð útivistarfólks og að aðalskipulagi verði breytt, samanber 4. kafla úrskurðarins.
2. Að gengið sé frá urðunarstaðnum og sandnámum neðan hans, þegar urðun lýkur, í samræmi við kafla 4.1 Hönnun og 19. mynd í frummatsskýrslu.

6. KÆRUFRESTUR

Úrskurð þennan má kæra til umhverfisráðherra og rennur kærufrestur út 3. mars næstkomandi.

Reykjavík 2. febrúar 1995

Stefán Thors

Skipulagsstjóri ríkisins